

Mál nr. 143/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar P

Maður féll þegar hann gekk út af lager húss við Borgartún þ. 6.5.2008

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.4.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 28.4.2011 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu segir að M hafi verið að ganga út af lager húss við Borgartún þegar hann féll um járnstykki sem stóð út úr stæðu af pallaefni fyrir utan húsið en P var að reisa vinnupalla við húsið. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu P hjá V og segir frágang starfsmanna P hafa verið óviðunandi og valdið slysaðeignum enda hafi járnstöng verið í 10-15 cm. hæð frá jörðu og erfitt að sjá hana sérstaklega þegar men bera eitthvað í fanginu eins og um hafi verið að ræða í umrætt sinn. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að M hafi fallið um járnstöng sem M segir að hafi staðið út úr pallastæðunni fyrir utan húsið og þá hafi M ekki tilkynnt vinnuveitanda sínum um slysið sama dag og það hafi gerst. Þá vísar V til málavaxtalýsingar M sem fram komi í læknisvottorði Skúla Bjarnasonar lækni en þar sé hvergi minnst á að M hafi fallið í jörðina eða járnör hafi komið við sögu. Þá vísar V til þess að gera verði kröfu til þeirra sem ganga um vinnusvæði að þeir sýni fyllstu aðgát og varúð og ekkert bendi til annars en að M hafi ekki sýnt næga varkárni eða að um hreint óhappatilvik hafi verið að ræða. Þannig verði slysið ekki rakið til saknæmrar eða ólögðra háltssemi P eða þeirra sem hann beri ábyrgð á að mati V.

Álit.

Ekki liggur fyrir sönnun á staðhæfingum M um málsatvik og allt önnur lýsing liggur fyrir í læknisvottorði Skúla Bjarnasonar sérfræðings í heimilislækningum. Af framangreindu leiðir að ekki er sýnt fram á að um bótaskyld tjón sé að ræða sem P beri ábyrgð á miðað við þá lýsingu og málatilbúnað sem M hefur uppi í málinu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu P.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu P hjá V.

Reykjavík 17.5. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.